

Fundargerð 86. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, **24. maí kl. 15:00-16:15** á Teams.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Jón E. Friðriksson, Kári Heiðar Árnason, varmaður Guðrúnar Stefánsdóttur, Laufey K. Skúladóttir, Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Undir fyrsta dagskrárlið kom Edda Matthíasdóttir, sviðsstjóri MGR (Mannauðs, gæða og rekstrar), inn á fundinn.

Drög að dagskrá:

1. Rekstraryfirlit fyrsta ársfjórðungs.
2. Reglur rannsóknasjóðs Háskólans á Hólum.
3. Námsreglur Háskólans á Hólum.
4. Reglur um gjaldskrá háskólans.
5. Önnur mál.

Dagskrá þessi var samþykkt. Áður en gengið var til hennar var 84. fundargerð borin upp til samþykktar. Fundarritara var falið að gera úrbætur og senda fulltrúum til samþykktar, ásamt þessari fundargerð.

1. Rekstraryfirlit fyrsta ársfjórðungs. Edda Matthíasdóttir gerði grein fyrir stöðu rekstrar. Dreifing á kostnaði er hin sama og 2021 og að mestu í takt við áætlun. Eftirfylgni er í góðum farvegi.
2. Reglur rannsóknasjóðs Háskólans á Hólum voru lagðar fram og kynntar. Í sjóðinn verður hægt að sækja styrki fyrir t.d. undirbúningi rannsókna. Úthlutunareglur eru í vinnslu. Reglurnar voru samþykktar samhljóða.
3. Námsreglur Háskólans á Hólum. Námsreglur og greinargerð með þeim voru kynntar. Að umræðum loknum voru þær samþykktar samhljóða.
4. Reglur um gjaldskrá háskólans. Gjaldskrárreglur hafa ekki borist. Þessi dagskrárliður féll því niður.
5. Önnur mál. Sveinn Margeirsson tók að sér að halda utan um viðburð í tilefni rektoraskipta. Þau verða þann 31. maí kl. 15-16.